

## REGLUR

### um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004.

#### 1. gr.

##### *Fjöldatamörkun í læknadeild.*

Fjöldi nemenda á 1. námsári í læknisfræði takmarkast við töluna 48.

Fjöldi nemenda á 1. námsári í sjúkraþjálfun takmarkast við töluna 20.

Um val nemenda til náms við læknadeild fer eftir reglum nr. 885/2001, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands, ásamt síðari breytingum sbr. reglur nr. 134/2002 og 503/2002. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu læknadeildar.

#### 2. gr.

##### *Fjöldatamörkun í hjúkrunarfræðideild.*

Ákvörðun um takmörkun á fjölda nemenda á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði mun liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2003 og verður birt sérstaklega.

Um val nemenda í hjúkrunarfræði gilda reglur sem háskólaráð setti þann 14. júní 2002, og birtar eru í kennsluskrá.

Fjöldi nemenda í ljósmóðurfraði takmarkast við töluna 12.

Um val nemenda í ljósmóðurfraði gilda reglur um val nemenda til náms í ljósmóðurfraði sem háskólaráð setti þann 5. október 1995 og birtar eru í kennsluskrá.

#### 3. gr.

##### *Fjöldatamörkun í tannlæknadeild.*

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í tannlæknadeild takmarkast við töluna 6.

Um val nemenda gilda reglur tannlæknadeildar um samkeppnispróf sem birtar eru í kennsluskrá.

#### 4. gr.

##### *Fjöldatamörkun í félagsvísindadeild.*

Fjöldi nýrra nemenda í hagnýtri fjölmiðlun takmarkast við töluna 20.

Fjöldi nýrra nemenda í námsráðgjöf takmarkast við töluna 18.

Fjöldi nýrra nemenda í félagsráðgjöf takmarkast við töluna 22.

Fjöldi nýrra nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda takmarkast við töluna 60.

Val nemenda í ofangreindum greinum fer fram á grundvelli umsókna sem berast félagsvísindadeild fyrir 1. apríl 2003. Umsóknir eru afgreiddar í samræmi við reglur félagsvísindadeildar sem birtar eru í kennsluskrá.

Fjöldi nýrra nemenda í cand. psych. námi takmarkast við töluna 15.

Fjöldi nýrra nemenda í M.A.-námi í uppeldis- og menntunarfræði takmarkast við töluna 30.

Val nemenda í ofangreindum greinum fer fram á grundvelli umsókna sem berast félagsvísindadeild fyrir 1. maí 2003. Umsóknir eru afgreiddar í samræmi við reglur félagsvísindadeildar sem birtar eru í kennsluskrá.

5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fengnum tillögum háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2003-2004.

*Háskóla Íslands, 31. mars 2003.*

**Páll Skúlason.**

---

*Halldór Jónsson.*